

Snæfellsbær  
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 2. maí 2024  
UST202404-206/A.B.  
10.04.03

## Efni: Lýsing - Deiliskipulag í landi Axlar - Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 18. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi í landi Axlar í Snæfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram svæðið sem deiliskipulagið nær til er 66 ha og eru innan þess verslunar- og þjónustureitirnir VP-27, VP-28 og VP-33 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Auk þess segir að þar er nú íbúðarhús ásamt húsnæði sem nýtt eru undir þjónustu í formi sjö herbergja gistihús og jógaiðkun. Í tillöggunni er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit undir húsnæði fyrir jógaiðkun austan megin við Axlarhól, innan VP-33. Húsgrunnur stendur vestast í húspyrpingunni við Öxl en þar er áætlað að koma aftur fyrir frístundahúsi sem gæti nýst til útleigu fyrir ferðamenn.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Utanvert Snæfellsnes og er númer 223 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ofangreint komi fram í tillöggunni, fram komi áhrif tillögunnar á ásynd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit<sup>1</sup> um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

*Blágrænar ofanvatnslausnir*

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b\\_minni%20fr%c3%a1veitur\\_LOKA.pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%c3%a1veitur_LOKA.pdf)

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef hægt væri að koma ofanvatni í annan umhverfisvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

### **Umhverfismat**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnið sé umhverfismat varðandi deiliskipulagi með viðeigandi matsþáttum, matsspurningum og viðmiðum. Helstu áhrifaþættirnir að mati stofnunarinnar eru, gróður, ásýnd og landslag, fuglalíf, loftslag og verndargildi svæðis sem er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Ríkey Kjartansdóttir

**sérfræðingur**